

Pingeyjarsveit
Gíg
660 Mývatn

18. febrúar 2025
202501-0066/P.V.B.
10.01.01

Efni: Leyfi til framkvæmda á friðlýstum innan verndarsvæðisins við Mývatn og Laxá - Garður 1

Náttúruverndarstofnun hefur móttengið umsókn Pingeyjarsveit fyrir hönd Helgu Þuríðar Árnadóttur, dagsett 8. janúar 2025, um leyfi til framkvæmda innan verndarsvæðisins við Mývatn og Laxá.

Mývatn og Laxá í Suður-Pingeyjarsýslu eru vernduð skv. [lögum nr. 97/2004](#) um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu. Markmið laganna er að varðveita líffræðilega fjölbreytni, jarðmyndanir og landslag svæðisins. Samkvæmt 17. gr. [reglugerðar nr. 665/2012](#) um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu skal leita leyfis Náttúruverndarstofnunar fyrir hverskonar framkvæmdum og hvers konar starfsemi á verndarsvæðinu sem getur haft áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag svæðisins.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til byggingar á 40 m² viðbyggingu við íbúðarhúsið að Garði 1. Með umsókn fylgdi teikning af viðbygginguni og afstöðumynd. Viðbyggingin yrði í sólskálastíl nema á henni verður þak í stíl við þak á núverandi byggingu. Ekki yrði rennandi vatn, kynding né rafmagn í viðbyggingunni. Grafa yrði notuð við til að grafa fyrir botnplötunni. Grafan færi yfir áður raskað svæði á bæjarhlaðinu og tún. Að verkinu kæmu 3 starfsmenn og yrði farið í framkvæmdina vorið 2025.

Umsagnir:

Í samræmi við 17. gr. reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu óskaði Náttúruverndarstofnun umsagnar Náttúrufræðistofnunar þann 24. janúar 2025 vegna framkvæmdarinnar. Umsögn Náttúrufræðistofnunar barst þann 31. janúar 2024. Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér framkvæmdirnar og gerir engar athugasemdir.

Áhrifamat:

Um er að ræða viðbyggingu íbúðarhúss í Garði sem er innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár, sólstofa til stækkunar á stofu hússins. Fyrir er sólpallur þar sem áætlað er að sólstofan standi. Fyrirhuguð framkvæmd er innan lóðar á þegar röskuðu svæði og er meira en 100 metrum frá vatnsbakka Mývatns og er sólstofan lágrest í samræmi við íbúðarhúsið sem fyrir er. Framkvæmdin er talin hafa óveruleg áhrif á verndargildi svæðisins.

Skilyrði:

Náttúruverndarstofnun veitir Pingeyjarsveit fyrir hönd Helgu Þuríðar Árnadóttur fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmdinni innan verndarsvæðisins við Mývatn og Laxá sbr. lýsingu hér að ofan og gildir leyfið í ár frá dagsetningu þessa bréfs að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

Náttúruverndarstofnun

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Náttúruverndarstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Náttúruverndarstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Náttúruverndarstofnun í síma 556-6800.
- Þess skal gætt að framkvæmdirnar séu í samræmi við skipulagsáætlanir.
- Að efnisval og útlit verði í samræmi við önnur mannvirki á svæðinu.
- Mannvirkið skal falla vel að landi.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkisins og ef notkun þess er hætt skal það fjarlæggt.
- Einungis skal aka gröfu að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Náttúruverndarstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Náttúruverndarstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi sveitarfélags þarf fyrir framkvæmdinni.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Náttúruverndarstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Hákon Ásgeirsson
sviðsstjóri

Dagbjört Jónsdóttir
sérfræðingur